

109. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn þriðjudaginn 4. júlí 2023, kl. 12:30 að Digralesvegi 1.

Fundinn sátu: Kristín Amy Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Katrín Helga Reynisdóttir, Friðrik Ómarsson, Sigurður Sigurbjörnsson og Sveinn Gíslason. Ólafur Björnsson sat fundinn með fjarfundabúnaði. Björn Jónsson framkvæmdastjóri sat einnig fundinn.

1. Fundur settur

Formaður setti fundinn klukkan 12:40 og stýrði honum, fundinn ritar framkvæmdastjóri. Stjórn bauð Svein Gíslason, nýskipaðan stjórnarmann, velkominn á fundinn.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar

Fundargerð 108. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða.

3. Breytingar á samþykktum félagsins

Stjórnarformaður lagði fram uppfærða útgáfu af samþykktum Markaðsstofu Kópavogs, sjá fskj. 3.1. Breytingar á samþykktum miða að því að breyta tilgangi með rekstri sjálfseignastofnunarinnar Markaðsstofu Kópavogs, kt. 560713-1180 þannig að breyttar samþykktir nái yfir rekstur atvinnu- og nýsköpunarsetursins Skóp. Samþykktirnar voru teknar fyrir á 105. stjórnarfund Markaðsstofunnar og samþykktar á 106. stjórnarfund stofnunarinnar þann 24. apríl sl.

Samkvæmt samþykktum stofnunarinnar þarf stjórn að samþykkja breytingar á samþykktum, með öllum greiddum atkvæðum, á tveimur stjórnarfundum.

Samþykktir voru lagðar fram til samþykktar í heild og samþykktar samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

4. Uppfærð rekstraráætlun 2023

Framkvæmdastjóri lagði fram uppfærða rekstraráætlun fyrir Markaðsstofu Kópavogs fyrir árið 2023, sjá fylgiskjal 4.1. Áætlunin innifelur rauntölur fyrir tímabilið janúar til júní en áætlun fyrir tímabilið júlí til desember. Fram kom að Bæjarráð Kópavogs hafi samþykkt að Kópavogsbær leggi Skóp til 3.000.000,- kr. fjárframlag á síðari hluta árs 2023.

Framkvæmdastjóri er falið að gera viðauka við húsaleigusamning, sem staðfestir lækkun á húsaleigu, skv. áður gerðu munnlegu samkomulagi við leigusala.

Rætt var um markaðsmál og næstu skref í rekstri. Fram kom að framkvæmdastjóri verði í starfi til loka ágústmánaðar samhliða sumarleyfi. Rætt var um verkefni sem sinna þarf áfram þegar starfsmaður hættir og hvort að ráða eigi starfsmann eða úthýsa verkefnum. Ákveðið að stjórn skoði málin m.t.t. þeirra verkefna sem þarf að sinna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30.